

LISTIR

Bach og dönsk orgeltónlist í Hallgrímskirkju

EINN efnilegasti organisti Dana af yngri kynslóðinni, Lars Frederiksen, organisti Frúarkirkjunnar í Óðinsvéum, gistir Ísland um þessar mundir og lýkur ferð sinni um landið með tvennum tónleikum í Hallgrímskirkju á vegum Sumarkvöldsdags við orgelið.

Í hádegina í dag, kl. 12, verður flutt orgeltónlist eftir Bachs. Fyrst leikur Lars Fantasíu um sálmenn Komm, heiliger Geist, Herre Gott, BWV 651, því næst Tríosónötu nr. 5 í C-dúr, BWV 529 og tónleikunum Lýkur með Prelíðum og fúgu í G-dúr, BWV 541.

Á efnisskrá aðaltonleika helgarrinnar, annaðkvöld kl. 20, eru tónverk eftir „nágrannatónskáld“, frá Norður-Þýskalandi og Danmörku. Fyrsta verkíð á efnisskránni er Tokkata í d-moll eftir Dietrich Buxtehude, sem er jafn-



Lars Frederiksen

an kenndur við Maríukirkjuna í Lübeck.

Þá leikur Lars Frederiksen tvö verk eftir dönsk tónskáld, bæði fædd rétt fyrir aldamótin 1900. Fyrra verkíð er Sónata nr. 1 í c-moll eftir Niels Otto Raasted. Hitt danska verkíð er Tre koncertstykker for orgel eftir Rued I. Langgaard. Hann fór sínar eigin leiðir í tónlistarskópun. Hann aðhylltist hin þjóðlegu tónskáld

rómantíska tímabilsins í Danmörku, Gade og Hartmann, og dáðist mikið að Richard Wagner. Hann var á öndverðum meili við Carl Nielsen og lifði í skugga hans allt sitt líf. Tónverk Langgaards spanna breitt svið, allt frá því að vera hugljúf og rómantísk yfir í tónverk með alls konar tilraunum brautryðjandans.

Síðasta verk tónleikanna er svo Fantasía og fúga í c-moll op. 29 eftir Max Reger.

Beygluð brauðrist

BÆKUR

Smásögur

RISTAVÉL

eftir Jan Sonnegard. Hjalti Rögnvalds-son þýddi. 158 bls. Bjartur 2003.

BÓKAFORLAGIÐ Bjartur hefur á undanförunum árum sýnt mikinn metnað í að gefa út glóðvolgar þýðingar. Smásagnasafnið Radiator eftir Danann Jan Sonnegard kom út í Danmörku 1997 og fékk mjög góðar viðtökur. Nú hefur því verið snarað á íslensku en ef til vill hefði verið meiri fengur að því að fá það inn í bókmenntaúrvalinu hér á landi á nýliðinni öld. Þýðing Hjalta Rögnvalds-sonar er misgóð og ég furða mig stórléga á þýðingunni á titlinum. Orðið „rastavél“ er barnamál og talmál, en „radiator“ merkir miðstöð, ofn eða hitagjafi sem á ekkert skylt við brauðrist. Bjartur hefur farið eigin leiðir í einfaldri, smekklegru og staðlaðri hönnun bókakápu neoneklúbb-bóka sinna en þessi kápa er ekki vel heppnuð, gullitaðir stafirnir eru svo til ólásilegir á koparfleti. Ristavél er fyrsti hluti þrjárleiks Sonnegaards og gaman væri að sjá hin smásagnasöfnin tvö í vandaðri útgáfu á íslensku.

Í bókinni eru tíu sögur sem eiga sithvað sameiginlegt. Allar gerast þær í kaupmannahöfn og fjalla um mannlega niðurlægingu, hatur, ofbeldi og vesöld. Persónur sagnanna eru utangarðs og einmana, öryrkjar,

atvinnuleysingjar, geðsjúklingar eða fólk sem hefur misst vonina. Í sögunum er dregin upp grimmdarleg samfélagsmynd, skuggahlíð danska velferðarríkisins. Í t.d. Þjófnaði er hópur ungra manna, með vasana fulla af örorku- og atvinnuleysisbótum, sem hatar ríku, vel klæddu smáborgararana og heimsku yfirstéttarkerlingarnar með Gucci-töskurnar. Þeir eru uppfullir af reiði og ætla að hirða það sem þeim ber, hefna sín en vita samt að það er ósköp tilgangslaus. Í Nettó og Fakta segir frá atvinnuleysingja sem er handviss um að hann muni dreppast úr sjúkldómum vegna þess að hann lifir á ruslfæði úr ódýrum matvörubúðum; upplituðu áleggji, salmonellukjúklingum og skemmdu grænmeti. Hann er fastur í vítahring, á sér enga von, ekkert líf. „Og svona hefur þetta verið svo lengi og ég man. Nálaglegt mánaðarmótum eru peningar millifærðir, og ég get lifað sómasamlegu lífi í nokkra daga og keypt nokkurn veginn nýtt kjöt og grænmeti sem er ekki ennþá úldið í gegn, og ég ímynda mér í hvert sinn að núna gangi allt vel aftur, að núna sé ég ekki lengur í skítunum og nú sé hægt að djamma dálítið aftur. Bara dálítið“ (108).

Ahrifarík er fyrsta sagan í safninu, William, sem lýsir viðbjóðslegu ofbeldi og einelti og Steggjapartí sýnir vel hversu lítið þarf út af að bera til að allt fari úr böndunum. Steggjapartí sker sig úr hinum sögunum þar sem

frásagnarhátturinn er allt öðru vísi, sögumaður talar í 1. persónu, hlutlaus og afar duldarfullur. Sögurnar eru annars mjög misjafnar að gæðum; sagan um manninn í fataskápnunum og Gjaldþrot eru bæði stuttar og lítt eftirminnilegar og Lotta er ansi reikul saga með „óvæntum“ endalokum. Stíll sagnanna er talmálkenndur og stundum barnalegur, sagt er frá skipbroti fólks, sjálfsvorkunum þess og botnlausri eynd með afskipta- og kæruleysi. Það er erfitt að finna til samliðunar með persónunum, þær eru ógeðfelldar og ömurlegar. Harmur þeirra liggur samt milli línanna, í fortíð eða skapgerð sem stundum glitir í undir hráu yfirborði. Í flestum sögunum er kaldlyndi ráðandi ásamt beiskri ádeilu sem bæði beinist gegn samfélaginu og einstaklingunum. Samfélagið er stéttskipt; sumir fæðast með silfurskeið í munni, eiga gott bakland, hafa góða menntun og vel launaða atvinnu sem hentar þeim; aðrir fá fátæktina í vöggugjöf og eru allar bjargar bannaðar. Bilið breikkar milli hinna ríku og fátæku, stólt sem bíður hnekki snýst upp í siðblindu og hatur, bæði á þeim sem betur mega sín og á samfélaginu sem skammtar fátæklingunum skít úr hnefa. Smásögur Sonnegaards eru hvorki skemmti- né náttborðslesning og sennilega ráðlegast að lesa bara eina sögu í einu, a.m.k. fyrir viðkvæmar sálir.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

Vel farið með ballöður Tómasar

TÓNLIST

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar DJASS

Kristjana Stefánsdóttir, Agnar Már Magnússon og Helga Björg Ágústsdóttir fluttu lög eftir Tómas R. Einarsson. Þriðjudagskvöld kl. 20.30.

TÓNLEIKAR Kristjónu Stefánsdóttur og Agnars Más Magnússonar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á þriðjudagskvöld voru svo vel sóttir, að ekki komust allir að sem vildu, og lagði hópur fólks á sig að sitja á gólfinu framan við sætin, eða standa aftast í salnum til að missa ekki af. Þótt salurinn sé ekki stór segir það talsvert um vinsældir þessara ágætlistamanna, og man gagnrýnandi varla eftir annarri eins aðsókn á tónleikum í Sigurjónssafni. Á efnisskránni voru einungis lög eftir Tómas R. Einarsson, ballöður, dansar, söngvar og lög í suðrænum stíl. Útsetningar voru allar eftir Agnar Má, og með dúóinu í nokkrum laganna lék Helga Björg Ágústsdóttir sellóleikari.

Tónleikarnir hófust á tveimur lögum af Íslandsplötu Tómasar, Landsýn, ballöðunum Journey to Iceland

við texta eftir Auden og Vorregni í Njarðvíkum við texta Guðbergs Bergssonar. Þessi tvö fyrstu lög voru feiknarvel flutt, söngur Kristjónu dásamlega hreinn og mjúkur og leikur Agnars Más fallega stílfærður með myrkum „debussýskum“ hljómunum sem fóru ljóðunum afar vel. Leikur Helgu Bjargar í því fyrra var líka bragðmikill. Þarna fóru saman góð lög, góðar útsetningar og frábær flutningur. Næsta lagatvenna olli þó talsverðum vonbrigðum eftir frábært upphaf. Lagið Jobim, af plötunni Á góðum degi, og Títómas af nýjustu plötu Tómasar, Kúbönsku – bæði í suðrænum stíl – vantaði músikalskt líf. Útsetningin á Jobim var þung, og sama var að segja um Títómas, þar sem lagið var kaffært í ofhlöðnum píanóstílnum. Söngur Kristjónu í þessum lögum var líka of þvingaður og haminn – tæknilega finnr, en vantaði þann



Kristjana Stefánsdóttir



Tómas R. Einarsson

neista sem gerir góðan söng frábærar. Hjartalag, af plötunni Undir fjórum – nú komið með nýjan texta eftir Tómas sjálfan – var hins vegar í ætt við upphafslögin tvö, fallett, „mátulega“ útsett og firnavel flutt. Í S.S. Montelare, af Landsýn, við texta Halldórs Laxness kvað við nýjan tón og léttari, og þar sýndi Kristjana sína bestu takta í rytmikinni. Það var sagt um Nat King Cole að í söngstíl hans væri „tæmingin“ fullkomin, og

átt við það hvenær hann nákvæmlega renndi sér inn í taktslagðið. Kristjana hefur einmitt þetta í sér, að vera flink í að „tæma“ fallega.

Land, þjóð og tunga, lag Tómasar við ljóð Snorra Hjartarsonar, er einstaklega fallegt, og myndi sóma sér meðal okkar vinsælastu og bestu einsöngslaga ef fleiri söngvarar tækju eftir því. Hér var það flutt af smekklegu látleysi sem fór því afskaplega vel. Tónleikunum lauk á smellinum Ef það sé djass, sem var hreint frábær í flutningi þeirra og bráðlifandi.

Eftir mikil fagnaðarlæti tók tríóíð tvö aukalög, eitt besta lag Tómasar, Stolin stef, og Hjartalag í annað sinn.

Í heild voru þetta ánægjulegir tónleikar. Þó voru það vonbrigði að ekki skyldi takast betur til með lögin góðu Jobim og Títómas. Það sem upp úr stendur er hve góður lagasmíður Tómas R. Einarsson er og jafnljóst að miklu fleiri mættu taka þau upp á sína arma og gera þeim eins góð skil og Kristjana, Agnar Már og Helga Björg gerðu hér.

Bergþóra Jónsdóttir

Smekkleysa á Listrænum laugardegi

Í LISTASAFNI Reykjavíkur í Hafnarhúsinu standa nú yfir þrjár sýningar; Humar eða frægð – Smekkleysa í 16 ár, Erró – Stríð og Innsýn í alþjóðlega samtímalist á Íslandi.

Um helgina verður eftir til sérstakrar dagskrár í Hafnarhúsinu sem er hluti af þemanu Listrænum laugardagur sem Prúnarfélag miðborgarinnar stendur fyrir. Boðið er upp á Smekkleysubíó þar sem sýndar verða tvær myndir; Á Guðs vegum, tónleikamynd Sykurmolanna og einstæð upptaka frá tónleikum Jasshljómssveitar Konráðs Bé á Hótel Borg árið 1990. Fyrri myndin verður sýnd kl. 14 á laugardag og sunnudag og síðari myndin kl. 16 báða dagana. Á laugardeginn kl. 15 verður auk þess leiðsögn um sýninguna Humar eða frægð sem sýningarstjórnin og liðsmaður Smekkleysu, Ólafur Engilbertsson, sér um. Leiðsögnin tekur um 30 mínútur en að henni lokinni mun hipp hopp hljómssveitin Kítikal Mazz leika nokkur lög. Í tilefni af Listrænum laugardegi er frítt í Hafnarhúsið frá kl. 13. Opnunartími er daglega frá kl. 10-17.



Sigríður G. Sværísdóttir við eitt verka sinna.

Myndlist á Fjöruborðinu

Á VEITINGASTADNUM Fjöruborðinu á Stokkseyri stendur nú yfir sýning á verkum Sigríðar G. Sværísdóttur. Myndirnar eru un-

ar með akrýl-litum á striga og er myndefnið m.a. af umhverfinu á staðnum ásamt öðru. Sýningin verður fram á haustið.

Sýning framlengd

SÝNING tileinkuð minningu Lárúsar Sigurbjörnssonar og stofnun Árbæjarsafns í salnum í húsinu Lækjargötu 4 hefur verið framlengd til 30. ágúst.

Lárus hefur með réttu verið nefndur Safnafaðir Reykjavíkur en hann var einn stofnandi ljósmyndasafns Reykjavíkur og gegndi fyrstur manna starfi Borgarskjalavarðar.

Í DAG

Hotelli URKU, Kangasala, Finnlandi Aðalheiður S. Eysteindóttir opnar sýningu og er hún liður í verkunum 40 sýningar á 40 dögum. Galleri Nema hvað, Skólavörðustíg 22c Brynhildur & Finna sýna nýjar steypar hellur, „Gelluhellur“. Opnið kl. 14-17 í dag og á morgun og kl. 15.30-19 mánudag til miðvikudags.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

HÓTEL EDDA STÓRUTJÖRNUM

Áningarstaður í alfaraleið

Hótel Edda Stórutjörnum er í Ljósavatnsskarði, skógivöxnu svæði milli Akureyrar og Húsavíkur. Þaðan er stutt í Mývatnssveitina, Vaglaskóg, að Goðafossi og tilvalið að skreppa í hvalaskoðunarferð frá Húsavík

Upplýsingar og pantanir 444 4000 • www.hoteledda.is